



Ársskýrsla 2012



Umsjón og hönnun: Lífeyrissjóður bænda

Ljósmyndir: Halldóra Ólafs
Kápumynd Leyningsfoss í Skarðsdalsskógi, Siglufirði
bls. 11 Stjórn Lífeyrissjóðs bænda
bls. 13 Grímsey
bls. 14 Svartifoss, Skaftafelli

Prentun: Litróf ehf



Lífeyrissjóður bænda, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík
Sími 563 0300, fax 561 9100, lsb@lsb.is, www.lsb.is

Ársskýrsla 2012

Efnisyfirlit

bls.

- 4 Stjórn og starfsmenn
- 5 Ávarp stjórnarformanns
- 6 Afkoma
- 7 Lífeyrir
- 8 Iðgjöld
- 9 Tryggingafræðileg staða
- 10 Verðbréfavíðskipti og lánveitingar
- 10 Verðbréfaeign
- 11 Sjóðfélagalán
- 12 Fjárfestingarstefna
- 16 Áhættustefna
- Ársreikningur:
- 19 Skýrsla stjórnar
- 21 Áritun óháðs endurskoðanda
- 22 Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2012
- 23 Efnahagsreikningur 31. desember 2012
- 24 Yfirlit um sjóðstreymi 2012
- 25 Skýringar
- Annual account:
- 35 Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments 2012
- 36 Balance Sheet December 31, 2012
- 37 Cash Flow Statement 2012
- 38 Selected Financial Indicators

Stjórn

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fimm manna stjórn Lífeyrissjóðs bænda til fjögurra ára í senn. Einn þeirra er tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar, einn er tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn er skipaður án tilnefningar. Varamenn eru tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Í stjórn í lok árs 2012 eru:

Aðalstjórn:

Skúli Bjarnason, formaður,
Guðrún Lárusdóttir,
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir,
Örn Bergsson og
Halldóra Friðjónsdóttir.

Varastjórn:

Ívar Pálsson,
Karl Kristjánsson,
Gylfi Þór Orrason,
Guðný H. Björnsdóttir og
Ingbór Karl Eiríksson.

Breytingar urðu á stjórn sjóðsins á árinu 2012. Marianna Jónasdóttir hætti í aðalstjórn og Sigurbjartur Pálsson hætti í varastjórn og eru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu sjóðsins. Í stað þeirra voru skipuð Halldóra Friðjónsdóttir í aðalstjórn og Gylfi Þór Orrason í varastjórn. Jafnframt var Ingbór Karl Eiríksson skipaður varamaður Halldóru.

Á árinu 2012 voru haldnir nýu stjórnarfundir en frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 413 fundir.

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir sjóðinn.

Starfsmenn

Í lok árs 2012 störfuðu eftirtaldir starfsmenn hjá sjóðnum:

Ólafur K. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Borghildur Jónsdóttir við bókhald, lána-
innheimtu og skýrsluskil.

Sigrún Guðjónsdóttir við iðgjaldainnheimtu.

Kristín Margrét Kristjánsdóttir við lífeyris-
og lánamál.

Áslaug Jóhannsdóttir við skráningu iðgjalda
og almenn skrifstofustörf.

Breytingar urðu á starfslíði sjóðsins á árinu.

Árdís Jóna Pálsdóttir, sem starfaði við
skráningu og innheimtu iðgjalda, hætti og í
hennar stað var ráðin Áslaug Jóhannsdóttir.
Árdís eru þökkun vel unnin störf fyrir
sjóðinn.

Ytri endurskoðun fyrir sjóðinn var í höndum
PricewaterhouseCoopers ehf.

Innri endurskoðun var í höndum Ernst &
Young ehf.

Endurskoðunarnefndina skipuðu Guðbjörg
H. Jóhannsdóttir, formaður, Bjarni Jónsson
og Örn Bergsson.

Tryggingafræðileg athugun var í höndum
Steinunnar Guðjónsdóttur, tryggingastærð-
fræðings.

Eignastýringarsamningur var við Eigna-
stýringu fagfjárfesta hjá Arion banka allt árið
2012 og við Jökla-Verðbréf hf. á fyrri hluta
ársins.

Lífeyrissjóður bænda er aðili að samningi
Landssamtaka lífeyrissjóða við hóp lækna
vegna örorkumats, sem Júlíus Valsson læknir
er í forsvari fyrir.

Greiðslustofa lífeyrissjóða sér um
lífeyrisgreiðslur og ýmsar lífeyrisvinnslur
fyrir sjóðinn og rekstur Jóakims, iðgjalda-
og réttindakerfisins, er í höndum Init ehf.

Ávarp stjórnarformanns

Lífeyrissjóður bænda er langtímafjárfestir og leggur það sjónarmið til grundvallar fjárfestingum og stýringu á verðbréfaeign sinni í því skyni að hámarka ávöxtun sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu.

Lífeyrissjóður bænda er meðalstór sjóður og var hrein eign til greiðslu lífeyris í lok árs 2012 25,6 milljarðar króna, hækkaði um 1,7 milljarða króna milli ára eða 7,2%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hefur farið vaxandi frá árinu 2008, ekki aðeins miðað við verðlag hvers árs heldur hefur orðið nokkur aukning umfram hækkun verðlags. Sjóðurinn er í hópi þeirra lífeyrissjóða sem töpuðu hlutfallslega minnst 2008-2010 eins og gerð var grein fyrir í ársskýrslu sjóðsins 2011.

Afkoma ársins 2012 var með ágætum og skilaði sjóðurinn 5,5% hreinni raunávöxtun og hefur ávöxtun reynst vera 4,2% að meðaltali síðustu þrjú árin, sem er talsvert umfram það viðmið sem stuðst er við í tryggingafræðilegri athugun lífeyrissjóðanna.

Fjöldi virkra greiðandi sjóðfélaga var 2657 á árinu 2012 og fjöldi lífeyrisþega 3554.

Á aukaárfundi sjóðsins 8. júní 2012 var kynnt tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum sjóðsins og 10% lækkun lífeyrisgreiðslna og framtíðarréttinda. Réttindi hafa ekki áður verið skert hjá sjóðnum, öndvert því sem gerst hefur hjá nær öllum öðrum lífeyrissjóðum. Þeirri lækkun lífeyrisgreiðslna sem leiðir af skerðingunni er í flestum tilfellum mætt með minni skerðingu bóta frá almannatryggingakerfinu þannig að hún hefur ekki mikil áhrif á heildarlífeyrisgreiðslur sjóðfélaga.

Tryggingafræðileg athugun fyrir sjóðinn í lok árs 2012 sýndi að afkoma sjóðsins hefur batnað mikið frá árinu 2011. Í lok árs 2012 voru áfallnar skuldbindingar 2,4% hærri en eignir sjóðsins, á móti 9,9% í lok árs 2011. Heildarskuldbindingar voru 4,6% umfram heildareignir, á móti 12,3% 2011. Á árinu voru teknar upp nýjar dánar- og eftirlifendatöflur og höfðu þær áhrif til hækkunar skuldbindinga sem nemur um 1,3%. Sjóðurinn er innan þeirra marka sem lög kveða á um.



Skúli Bjarnason

Áhersla hefur verið á aukin gæði fjárfestinga og gagnsæi í viðskiptum. Mikilvægt er að áfram verði unnt að ávaxta fjármuni með ásættanlegri ávöxtun og lágmarksáhættu. Þannig verða hagsmunir sjóðfélaga sem best tryggðir.

Sjóðfélagar eiga rétt á lánum úr sjóðnum, bæði verðtryggðum og óverðtryggðum. Sjóðurinn stefnir að aukningu sjóðfélagalána og hefur í því skyni lækkað vexti og afnumið þak á lánsfjárhæðir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Frekari breytingar á fyrirkomulagi lánamála eru í burðarliðnum.

Sjóðurinn byggir á varfærinni en metnaðarfullri fjárfestingarstefnu og hefur hann komið vel út úr öllum skoðunum, einnig að því er varðar rekstur. Sjóðurinn veitir sambærileg réttindi og aðrir sjóðir, en hjá honum er mikil sérþekking á högum bænda.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum, starfsfólki sjóðsins, endurskoðendum, tryggingastærðfræðingi og fjárvörsluaðilum fyrir vel unnin störf á árinu 2012. Forsvarsmönnum og starfsfólki Bændasamtakanna er einnig þakkað gott samstarf.

Sjóðfélögum og lífeyrisþegum sjóðsins óska ég velfarnaðar í framtíðinni.

Skúli Bjarnason
stjórnarformaður

Afkoma

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 25.559 mkr. í árslok 2012, hækkaði um 1,7 milljarða króna milli ára eða 7,2%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hefur farið vaxandi frá árinu 2008, ekki aðeins miðað við verðlag hvers árs heldur hefur orðið nokkur aukning umfram hækkun verðlags.

Ávöxtun á árinu 2012 var 10,4% sem samsvarar 5,7% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun nam 5,5% á árinu 2012, á móti 2,9% 2011.

Ávöxtun síðustu þriggja ára er 4,2% að meðaltali, sem er talsvert umfram það viðmið sem stuðst er við í tryggingafræðilegri athugun lífeyrissjóðanna.


Afkoma ársins 2012 er með ágætum þegar horft er til takmarkaðra fjárfestinga-

möguleika með tilkomu gjaldeyrishaftanna. Eignasafn sjóðsins er traust og væntingar eru um stöðuga og góða ávöxtun á næstu árum.

Aukin áhersla á greiningu á fjárhagslegri stöðu við fjárfestingar, greiðslugetu og gæðamat á skuldara fremur en að horfa eingöngu til ávöxtunar, mun styrkja sjóðinn enn frekar og afkomu hans þegar til framtíðar er litið.

Lífeyrisréttindi sjóðsins eru verðtryggð og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs.

Raunávöxtun:	2012	2011	2010	2009	2008
Hrein raunávöxtun	5,5%	2,9%	4,1%	0,6%	-17,9%
Fimm ára meðaltal	-1,4%	-2,6%	-1,6%	-0,6%	0,7%
Tíu ára meðaltal	2,7%	1,6%	1,0%	0,4%	1,3%



Hrein eign til greiðslu lífeyris og hrein raunávöxtun eignasafns.


Lífeyrir

Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1225 mkr. á árinu 2012, sem er 6,6% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda hækkaði um 7,2% og nam 1197 mkr. Lífeyrir fylgir mánaðarlegum breytingum á vísitölu

neysluverðs, sem hækkaði um 4,5% á árinu.

Lífeyrisþegum hefur fjölgað á undanförunum árum og voru 3.972 í árslok 2012.

Hlutfallsleg skipting lífeyris 2012



Fjöldi lífeyrisþega

	2012	2011	% br.
Ellilífeyrir	2.928	2.845	2,9%
Örorkulífeyrir	269	272	-1,1%
Makalífeyrir	742	774	-4,1%
Barnalífeyrir	33	30	10,0%
Samtals	3.972	3.921	1,3%

Lífeyrisgreiðslur í mkr.

	2012	2011	% br.
Ellilífeyrir	1.015,6	935,2	8,5%
Örorkulífeyrir	88,7	87,8	1,1%
Makalífeyrir	90,4	90,5	-0,1%
Barnalífeyrir	3,8	3,7	2,7%
Samtals	1.197,5	1.117,1	7,2%

Iðgjöld

Heildariðgjaldtekjur námu 509 m.kr., sem er 7,2% hækkun frá fyrra ári. Iðgjöld sjóðfélaga námu 168 m.kr., mótfamlög 341 m.kr. og réttindaflutningar og endurgreiðslur nettó voru neikvæðar um 0,2 m.kr. Greiðandi sjóðfélagar voru 2.657 á árinu 2012 samanborið við 2.820 á árinu 2011.

Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum. Hjá bændum miðast iðgjöld við reiknað endurgjald í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttað, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 12/1999.

Réttindaávinnsla

Réttindi í Lífeyrissjóði bændna voru fram til ársloka 2006 í jafnri réttindaávinnslu, þ.e. sjóðurinn var stigasjóður. Frá 1. janúar 2007 reiknast réttindi í krónum samkvæmt töflu sem fylgir samþykktum sjóðsins. Um er að ræða aldurstengd réttindi sem ráðast af aldri sjóðfélaga í réttindamánuði. Allir sjóðfélagar yngri en 25 ára í árslok 2005 fá aldurstengd réttindi og einnig þeir sem ekki uppfylla skilyrði til jafnrar réttindaávinnslu.

Rétt til jafnrar ávinnslu hafa þeir sjóðfélagar sem voru 25 ára og eldri í árslok 2005, höfðu greitt iðgjöld í sjóðinn í tiltekinn tíma fyrir 42 ára aldur og hefur verið úrskurðað viðmiðunariðgjald sem byggt er á greiddum iðgjöldum árið 2003. Réttur í jafnri ávinnslu miðast þá við allt að viðmiðunariðgjaldi en réttindi út á umframiðgjöld eru aldurstengd.

Aldursdreifing

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í lífeyrissjóðnum er hár þar sem nýliðun hefur verið lítil. Starfandi sjóðfélögum hefur fækkað og ellilífeyrisþegum fjölgað. Á árinu 2012 voru 18% greiðenda undir 40 ára aldri, 60% voru á aldrinum 40 - 59 ára og sjóðfélagar 60 ára og eldri voru 22%.

Aldursdreifingin hefur áhrif á niðurstöður tryggingafræðilegs uppgjörs sjóðsins að því leyti að skuldbindingar hækka með hækkandi meðalaldri. Eftir því sem aldurstenging réttinda eykst hjá sjóðnum næst meira jafnvægi.

Aldursskipting
virkra sjóðfélaga 2012

Aldur	Hlutfall %
16 - 19	1,4%
20 - 29	5,2%
30 - 39	11,2%
40 - 49	25,5%
50 - 59	34,3%
60 - 69	22,0%
70	0,5%

Skipting iðgjalda
eftir aldri virkra sjóðfélaga 2012

Aldur	Hlutfall %
16 - 19	0,1%
20 - 29	1,4%
30 - 39	5,3%
40 - 49	21,2%
50 - 59	40,6%
60 - 69	30,8%
70	0,6%

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri athugun felst að reikna áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Við núvirðisútreikning skuldbindinga, þ.e. lífeyris og framtíðariðgjalda, er notað sama vaxtaviðmiðið, 3,5%.


Mat á þeim lífeyrisréttindum sem núverandi sjóðfélagar og lífeyrisþegar hafa áunnin sér kallast áfallin skuldbinding. Mat á skuldbindingum vegna réttinda sem sjóðfélagar munu ávinna sér með áframhaldandi greiðslum iðgjalda til sjóðsins

kallast framtíðarskuldbinding. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðs er þannig samtala af áfallinni skuldbindingu og framtíðarskuldbindingu.

Tryggingafræðileg athugun fyrir sjóðinn í lok ársins 2012 sýndi að staða sjóðsins batnaði verulega frá árinu 2011 sem rekja má til góðrar ávöxtunar eignasafns og skerðingar réttinda á árinu. Í lok árs 2012 voru áfallnar skuldbindingar 2,4% hærri en eignir sjóðsins, á móti 9,9% í lok árs 2011, og heildarskuldbindingar voru 4,6% umfram heildareignir, á móti 12,3% 2011. Á árinu voru teknar í gildi nýjar dánar- og eftirlifendatöflur og hafði það áhrif til hækkunar skuldbindinga sem nemur um 1,3%.

Tryggingafræðileg staða í mkr.

Áfallin staða	2012	2011	Heildarstaða	2012	2011
Eignir	25.569	24.364	Eignir	30.390	28.970
Skuldbindingar	<u>26.201</u>	<u>27.047</u>	Skuldbindingar	<u>31.867</u>	<u>33.049</u>
Samtals	-632	-2.683	Samtals	-1.477	-4.079
% af skuldbind.	-2,4%	-9,9%	% af skuldbind.	-4,6%	-12,3%



Þróun heildareigna, skuldbindinga og tryggingafræðilegrar stöðu frá 2001.

Verðbréfaviðskipti og lánveitingar

Á árinu 2012 ráðstafaði sjóðurinn 7.460 mkr. til lánveitinga og verðbréfakaupa og

seldi verðbréf fyrir 7.227 mkr. Kaup verðbréfa umfram sölu námu því 233 mkr.

Verðbréfaviðskipti 2012 í mkr.:


	Kaup	Sala	Kaup - sala
Sjóðfélagalán	27	0	27
Ríkisskuldabréf	86	226	-140
Íbúðabréf	0	564	-564
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	0	12	-12
Skuldabréf fyrirtækja	1.955	32	1.923
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	3.046	3.961	-915
Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	2.336	2.432	-96
Aðrar fjárfestingar	10	0	10
Samtals	7.460	7.227	233

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 25,2 milljörðum króna (ma.kr.) í árslok 2012 samanborið við 23,8 ma.kr. í árslok 2011. Hlutfall innlendra verðbréfa er 81%, eða 20,4 ma.kr., og erlendra 19% eða 4,8 ma.kr. Heildareignin í

ríkistryggðum bréfum er 61,5% þegar meðtalin er eign slíkra bréfa í verðbréfasjóðum.

Hlutfallsskipting verðbréfaeignar 31.12 2012



Sjóðfélagalán

Á árinu 2012 voru veitt þrjú lán að fjárhæð 27 mkr. og var heildarfjárhæð útistandandi lána 1695 mkr. í lok ársins.

Hámarkslánsfjárhæð verðtryggðra lána með ákvæði um fasta eða breytilega vexti var á árinu 2012 25 mkr. til allt að 40 ára og lánsfjárhæð óverðtryggðra lána 10 mkr. til allt að fimm ára. Ekki eru veitt lán til fyrirtækja. Aðeins er lánað gegn fasteignaveði og veði í jörðum. Til grundvallar er lagt áætlað söluverð samkvæmt mati.

Veðsetningarhlutföll:

Jarðeignir allt að 60% af áætluðu söluverði. Nái veðsetning ekki 70% af fasteignamati þarf alla jafnan ekki sölumat. Veð eru að jafnaði tekin í heilum jörðum. Dæmi eru þó

um að ný íbúðarhús á sérlóðum og einstaka landspildur, t.d. undir sumarhús, séu undanskilin. Meginreglan er að skerðingin hafi ekki afgerandi áhrif á veðhæfi og sölumöguleika jarðarinnar.

Íbúðarhúsnæði allt að 45% af áætluðu söluverði. Stuðst er við sölumat löggilts fasteignasala. Ekki er lánað út á ósamþykktar íbúðir og ekki ef fasteignamat er undir 4 mkr. Veðsetning má ekki fara yfir 80% af brunabótamati.

30% af áætluðu söluverði af hesthúsum og sérhæfðu atvinnuhúsnæðj t.d. gróðurhúsum. Ekki er lánað út á eignir ef fasteignamat er undir 4 mkr. Veðsetning má ekki fara yfir 80% af brunabótamati.



Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda.

Halldóra Friðjónsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Skúli Bjarnason, formaður, Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri, Örn Bergsson og Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir.


Fjárfestingarstefna 2013

Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram í 37. gr. skylda stjórnna lífeyrissjóða að setja árlega fjárfestingarstefnu.

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 12/1999 og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar er kveðið á um. Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og eru iðgjöld sjóðfélaga 4% af iðgjaldstofni og mótframlag atvinnurekanda 8%. Hlutverk

LSB er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og ákvæðum samþykktar sjóðsins.

Allt eignasafn sjóðsins að undanskildum sjóðfélagalánum er í eignastýringu, eða ríflega 90% safnsins. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í lok árs 2012 25.559 mkr. og hækkaði um 7,2% milli ára. Hrein raunávöxtun 2012 var 5,5% og hefur hún verið 4,2% að meðaltali síðustu þrjú árin.



Stöðugur vöxtur hreinnar eignar til greiðslu lífeyris frá árinu 2008 og raunávöxtun á uppleið.

Forsendur fjárfestingarstefnu

Lífeyrissjóður bænda er langtímafjárfestir og leggur það sjónarmið til grundvallar fjárfestingum og stýringu á verðbréfaeign sinni í því skyni að hámarka ávöxtun sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu. Eignir skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum 36. gr. laga nr. 129/1997, 8. gr. samþykktar sjóðsins og samkvæmt nánari reglum FME.

Við ákvörðun fjárfestingarstefnu LSB er tekið mið af lífeyrisbyrði sjóðsins og stefnan í grunninn höfð varfærin þar sem mikilvægt er að vel takist til við ávöxtun eigna til að verja áunnin réttindi. Stjórn sjóðsins stefnir þó að því að auka réttindi til framtíðar og

gerir sér grein fyrir því að það geti falið í sér einhverja viðbótaráhættu umfram það að fjárfesta eingöngu í ríkistryggðum bréfum.

Helstu breytingar markmiða um eignasamsetningu í fjárfestingarstefnu 2013:

- Markmið um fjárfestingar í ríkisskuldabréfum verður áfram 60%. Framboð ríkisskuldabréfa hefur farið minnkandi.
- Markmið um fjárfestingar í bréfum bæjar- og sveitarfélaga lækkar úr 4% í 2%. Horft er til þess að mörg sveitarfélög eiga í erfiðleikum og lítið svigrúm er fyrir aukinni skuldsetningu hjá flestum þeirra.



Grímsey

- c) Markmið um fjárfestingar í skulda-
bréfum fjármálafyrirtækja hækkar úr 2%
í 4%. Líklega verður framhald á útgáfu
sérvarinna fasteignaveðtryggðra skulda-
bréfa fjármálafyrirtækja sem geta verið
áhugaverður kostur með tilliti til kjara
og trygginga.
- d) Markmið um fjárfestingar í fasteigna-
tryggðum skuldabréfum lækkar úr 10% í
7%.
- e) Markmið um fjárfestingar í hlutabréfum
fer úr 17% í 19% þar sem markmið um
skráð innlend hlutabréf fer úr 2% í 4%
og óskráð innlend bréf úr 2% í 3%. Á
innlendum hlutabréfamarkaði eru fá
félög en frekari nýskráninga er að
vænta. Vöxtur hefur verið í sérhæfðum
fjárfestingum, framtaksfjárfestingum og
fasteignatengdum verkefnum.
- f) Markmið um erlend hlutabréf lækkar úr
13% í 12%. Eignasamsetning hefur
breyst vegna gjaldeyrishafta og eru því
takmarkanir á erlendum fjárfestingum. Í
lok árs 2012 var hlutdeild erlendra
eigna í fjárfestingum sjóðsins 19% og
hefur vaxið frá fyrra ári, sem mótast af
lækkandi gengi krónunnar.

- g) Markmið um hluti eða hlutdeildar-
skírteini annarra sjóða um sameiginlega
fjárfestingu hækkar úr 2% í 3%.

Í ríkari mæli er horft til skuldbindinga sjóðs-
ins og reynt að lágmarka líkur á því að
skerða þurfi réttindi sjóðfélaga. Þar skiptir
miklu máli líftími skuldbindinga, þ.e.
meðalaldur sjóðfélaga. Því er mikilvægt að
fjárfestingarstefnan taki tillit til samspils
eigna og skuldbindinga, sem endurspeglar
réttindi sjóðfélaga í framtíðinni.

Mikilvægt er að hafa mismunandi eigna-
flokka í verðbréfasöfnum til að draga úr
áhættu. Í núverandi markaðsástandi er hins
vegar ekki jafnmörgum kostum til að dreifa
og áður.

Með tilliti til þess sem hér hefur komið fram
og miðað við stöðu sjóðsins og aldurssam-
setningu sjóðfélaga telur stjórn sjóðsins rétt
að halda vægi innlendu skuldabréfanna
áfram háu.

Fjárfestingarstefnan er mótuð til lengri tíma.
Eignastýring Arion banka framkvæmdi
áhættumat og úttekt á fjárfestingarstefnunni
sem byggir á framtíðargreiðsluflæði miðað
við gildandi samþykktir sjóðsins. Niður-
stöður úttektarinnar eru þær að ekki sé
ráðlegt að taka meiri áhættu en felst í
núverandi fjárfestingarstefnu.



Svartifoss

Mat á áhættu fjárfestingarstefnu

Við mat á áhættu eru helstu áhættuþættir sem snerta eignir og skuldbindingar dregnir upp og er sviðsmyndagreining notuð til að gera grein fyrir mögulegum áhrifum óhagstæðra breytinga.

Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raunávöxtun til lengri tíma 3,7% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% langtímaraunávöxtun og að flökt (mælt með staðalfrávik) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka sjóðsins á hverjum tíma.

Miðað er við að vænt raunávöxtun innlendra ríkisskuldabréfa sé 2,5% og flökt ávöxtunar 7,8%. Við mat á væntri ávöxtun bréfanna er miðað við meðaltal ávöxtunarkröfu fyrstu 8 mánuði ársins 2012 á verðtryggðu skuldabréfi útgefnu af ÍLS, HFF44. Ávöxtun

annarra innlendra skuldabréfa er metið einu prósentustigi hærri eða 3,5%, og flökt þeirra er 25% meira en ríkisskuldabréfa, eða 9,8%.

Gert er ráð fyrir að vænt raunávöxtun erlendra hlutabréfa sé 7%. Við mat á væntri raunávöxtun og flökti í ávöxtun erlendra hlutabréfa er miðað við Dimson, Marsh og Staunton 2011. Flökt er metið 17,7%.

Áhættuálag á innlend hlutabréf miðað við erlend hlutabréf er metið hálfu prósentustigi herra og vænt flökt helmingi herra en flökt á erlendum hlutabréfum, 7,5% ávöxtun og flökt 26,6%.

Áhættuálag á innlendar sérhæfðar fjárfestingar er metið hálfu prósentustigi herra en innlend hlutabréf og flökt tvöfalt herra en á erlendum hlutabréfum, 8,0% ávöxtun og flökt 35,4%.

Eignaflokkur	Vænt raunávöxtun	Staðalfrávik (flökt)
Innlend ríkisskuldabréf	2,5%	7,8%
Önnur innlend skuldabréf	3,5%	9,8%
Erlend hlutabréf	7,0%	17,7%
Innlend hlutabréf	7,5%	26,6%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	8,0%	35,4%

Markmið um eignasamsetningu

Í lögum um lífeyrissjóði er gert ráð fyrir að sett séu efri mörk á fjárfestingu í ýmsum tegundum og flokkum verðbréfa. Takmarkanir tryggja dreifingu eigna og eru mikilvæg aðferð til að draga úr áhættu. Vikmörkin í stefnunni eru höfð nokkuð rúm þannig að þau tryggi ákveðinn sveigjanleika og ekki reyni á þau í sífellu. Þetta fer þó að nokkru eftir tegundum eigna. Við nýtingu vikmarka skal ávallt skoða stöðuna og ákveða viðbrögð áður en reynir á vikmörkin.

Skipting verðbréfaeignar skal miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflunum hér á eftir. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, meðal annars vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í

eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Heimilt er að nýta vikmörk innan fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri sem skapast á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Vikmörkin eru hluti af fjárfestingarstefnunni og kveða á um hvað eignasamsetning má víkja langt frá markmiðum. Val eigna fer fram innan hvers eignaflokks þar sem eru ólíkar tegundir bréfa, verðtryggð eða óverðtryggð, með mismunandi líftíma og ávöxtun þessara bréfa getur orðið ólík. Sami eignaflokkur getur því gefið ólíka ávöxtun eftir því hvaða eignir eru valdar.

Skipting fjárfestinga á eignaflokka

Flokkar verðbréfa:	Markmið 2013	Breyting frá stefnu 2012	Vikmörk %
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0%	0%	0-15%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	60%	0%	50-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	(2%)	0-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	4%	2%	0-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	7%	(3%)	0-35%
Hlutabréf	19%	2%	0-30%
Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	3%	1%	0-10%
Kaup og rekstur íbúðarhúsnæðis	0%	0%	0-5%
Önnur verðbréf	5%	0%	0-30%
Samtals:	100%		

Hlutabréf, sundurliðun:	Markmið 2013	Breyting frá stefnu 2012	Vikmörk %
Skráð innlend hlutabréf	4%	2%	0-5%
Óskráð innlend hlutabréf	3%	1%	0-7%
Erlend hlutabréf	12%	(1%)	0-25%
Samtals	19%	2%	0-30%

Önnur verðbréf, sundurliðun:	Markmið 2013	Breyting frá stefnu 2012	Vikmörk %
Skuldabréf fyrirtækja	4%	0%	0-15%
Erlend skuldabréf	1%	0%	0-25%
Annað	0%	0%	0-5%
Samtals	5%	0%	0-30 %

Áhættustefna 2013

Í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um heildaráhættustýringu (eftirlitskerfi) fyrir samtryggingardeildir lífeyrissjóða er kveðið á um skyldu stjórnna lífeyrissjóða að koma sér upp virkri áhættustýringu til að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfseminni og að setja sér ásættanleg mörk fyrir þessar áhættur. Í því skyni er því setning áhættustefnu mikilvæg.

Markmið áhættustefnu

Markmið stjórnar Lífeyrissjóðs bænda með setningu áhættustefnu er að greina frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu tryggingadeildar sjóðsins í samræmi við framangreind tilmæli.

Áhættustefnan helst í hendur við fjárfestingarstefnu, þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku.

Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu, og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Viðhorf stjórnar til áhættu

Stjórn LSB hefur rætt viðhorf sitt til áhættu og vill tryggja að unnt verði að standa við lífeyrisskuldbindingar sjóðsins að því leyti að líkur á að breyta þurfi réttindum eða iðgjöldum til lágmarkstryggingarverndar séu lágmarkaðar, en þó svo að betri langtímarauðvöxtun fái en með því að fjárfesta eingöngu í skuldabréfum.

Yfirsýn stjórnenda og starfshættir við eftirlit

Stjórn og starfsmenn Lífeyrissjóðs bænda skulu ávallt starfa þannig að hagsmunir allra sjóðfélaga séu teknir fram yfir aðra hagsmuni og starfa af heiðarleika, gegnsæi, varfærni, hagkvæmni og öryggi fyrir sjóðfélagana.

Stjórn

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Í því felst að stjórn ber endanlega ábyrgð á því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta,

meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, meðal annars með því að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta ferla.

Hlutverk stjórnar er jafnframt að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins, ásamt því að setja þeim ásættanleg mörk. Í samræmi við það mótar stjórn fjárfestingarstefnu til eins árs, þar sem gerð er grein fyrir áhættuþoli og áhættuvilja í hverjum eignaflokki, og áhættustefnu til þriggja ára, sem lagðar eru til grundvallar við eignastýringu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sjóðsins og ber hann ábyrgð gagnvart stjórn á því að sjóðurinn starfi eftir þeim lögum og reglum sem um hann gilda, skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt og áhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum.

Framkvæmdastjóri heldur utan um verksemi, ábyrgðir og heimildir starfsmanna og tryggir að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit og fylgjast með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirk.

Eignastýringarsamningur

Lífeyrissjóður bænda er með samning við Arion banka um eignastýringu sem starfsmenn eignastýringar fagfjárfesta annast.

Eignum, sem samningurinn tekur til, er stýrt í samræmi við gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni. Unnið er eftir skriflegum verkferlum og verklagsreglum sem hafa það markmið að lágmarka áhættu og ná fram settum markmiðum lífeyrissjóðsins. Daglega er meðal annars farið yfir það hvort viðskipti hafi verið rétt framkvæmd, hvort neikvæð staða sé á bankareikningum og hvort farið sé út fyrir heimildir fjárfestingarstefnu. Vikulega eru haldnir fundir þar sem farið er yfir ávöxtun, eignastöðu og stefnu í fjárfestingum.

Áhættustýring Arion banka fylgist með því að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu LSB og innan þeirra viktarmarkna sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Skýrsla um fjárhagslega áhættuþætti er gerð ársfjórðungslega.

Hlutverk regluvörslu Arion banka er að tryggja eftirfylgni bankans við lög og reglur sem bankanum ber að fylgja. Á meðal verkefna regluvörslu er eftirlit með því að verklagsreglum bankans sé fylgt, verðbréfa-viðskipti starfsmanna bankans séu í samræmi við reglur, að tryggja aðskilnað starfsviða, að stefnu um hagsmunaárekstra sé fylgt og að beitt sé ítrustu vörnum gegn peningabætti í rekstri bankans.

Tryggingastærðfræðingur

Árlega er framkvæmd athugun á tryggingafræðilegri stöðu LSB af tryggingastærðfræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Tryggingastærðfræðingur framkvæmir jafnframt árlega álagspróf þar sem áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metin miðað við álagsþætti fyrirfram skilgreinda af Fjármálaeftirlitinu.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi LSB. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins.

Innri endurskoðun leggur jafnframt mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda, hvort heildaráhættustýring og innra eftirlit virki eins og til er ætlast.

Stjórn er gerð grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar með skýrslugjöf.

Ytri endurskoðun

Ytri endurskoðun er framkvæmd af löggiltum endurskoðanda sem starfar ekki í þágu lífeyrissjóðsins að öðru en endurskoðun og innra eftirliti.

Markmið ytri endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um starfsemina, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi lífeyrissjóðs.

Eftir uppgjör ytri endurskoðanda kynnir hann niðurstöður sínar fyrir stjórn sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn LSB og starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar sjóðsins, stjórnenda hans og ytri og innri endurskoðanda hans í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti.

Nefndin aðstoðar jafnframt stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli LSB og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðunar lífeyrissjóðsins.

Endurskoðunarnefndin fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar.

Áhættuskýrsla

Í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða gerir Áhættustýring Arion banka fyrir hönd LSB skýrslu ársfjórðungslega um fjárhagslega áhættu sjóðsins, sem lögð er fyrir stjórn.

Í fjárhagslegri áhættu (markaðsáhættu) felst hættu á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðvirði fjármálagerninga, svo sem vegna breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla og virði hlutabréfa.

Kannaðir eru tilteknir áhættuþættir, s.s. vaxta-, markaðs-, gjaldmiðla-, verðbólgu-, mótaðila- og seljanleikaáhætta og hvort farið sé eftir lögum og reglum sem um starfina gilda.

Rekstraráhættumat

Árlega skal framkvæmt rekstraráhættumat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti.

Í rekstraráhættumati er meðal annars litið til starfsmannaáhættu, áhættu vegna svika, orðsporsáhættu, hættu vegna upplýsingatækni, hættu sem útivistunarsamningar fela í sér og hættu á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur.

Ársreikningur 2012

Fjárhæðir í krónum

Annual account 2012

Amounts in ISK

Efnisyfirlit

Ársreikningur:

- 19 Skýrsla stjórnar
- 21 Áritun óháðs endurskoðanda
- 22 Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2012
- 23 Efnahagsreikningur 31. desember 2012
- 24 Yfirlit um sjóðstreymi 2012
- 25 Skýringar

Annual account:

- 35 Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments 2012
- 36 Balance Sheet December 31, 2012
- 37 Cash Flow Statement 2012
- 38 Selected Financial Indicators

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar er kveðið á um. Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og eru iðgjöld 4% framlag launþega og 8% framlag atvinnurekanda. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og ákvæðum samþykktar sjóðsins.

LSB er meðalstór lífeyrissjóður og var hrein eign til greiðslu lífeyris í lok árs 2012 25,6 milljarðar króna, hækkaði um 1,7 milljarða króna milli ára eða 7,2%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hefur farið vaxandi frá árinu 2008, ekki aðeins miðað við verðlag hvers árs heldur hefur orðið nokkur aukning umfram verðlag.

Afkoma ársins 2012 var með ágætum og skilaði sjóðurinn 5,5% hreinni raunávöxtun og hefur ávöxtun reynst vera 4,2% að meðaltali síðustu þrjú árin, sem er talsvert umfram það viðmið sem stuðst er við í tryggingafræðilegri athugun lífeyrissjóðanna.

Nafnávöxtun hjá sjóðnum á árinu 2012 var 10,4% og raunávöxtun var 5,7%. Hrein raunávöxtun nam 5,5% eins og áður hefur verið nefnt, en hún var 2,9% 2011. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára nemur -1,4% og síðustu 10 ára 2,7%.

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga var 2657 og þeirra sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum var 3554. Sjóðfélagar greiddu 168 mkr. iðgjöld til sjóðsins, sem er 11,5% aukning frá fyrra ári og heildariðgjaldtekjur námu 509 mkr., sem er 7,1% hækkun frá fyrra ári. Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.197 mkr., hækka um 7,2% milli ára.

Á árinu 2012 var rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld 112 mkr. en var 99 mkr. árið áður, sem er 13,3% hækkun milli ára. Rekstrarkostnaður dregst saman um 1,1 mkr., var 37 mkr., en fjárfestingargjöld aukast um 12 mkr., var 75 mkr., sem stafar meðal annars af auknum umsvifum í fjárfestingarstarfsemi og auknum kostnaði við lánaumsýslu og eftirlit ýmis konar af hálfu opinberra aðila. Launakostnaður sjóðsins, þ.m.t. stjórnar og endurskoðunarnefndar, nam 53 mkr. árið 2012, þar af voru laun 44 mkr. og launatengd gjöld 9 mkr. Stöðugildi voru 4,95 á árinu 2012.

Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 25 mkr. til allt að 40 ára. Heildarfjárhæð útistandandi lána var 1.730 mkr. í lok árs 2012 en var 1.752 mkr. í lok árs 2011.

Sjóðurinn var með um 24 milljarða króna í eignastýringu hjá Jöklum-Verðbréfum hf (JV) og Eignastýringu Arion banka hf á árinu 2012. Samningi við JV var sagt upp í apríl 2012 og voru eignir frá JV færðar til Arion banka um miðbik ársins 2012. Framkvæmd eignastýringar kallar á stöðuga árvekni þar sem mikilvægt er að ætíð sé leitað bestu kosta fyrir sjóðinn hverju sinni. Við ákvörðun fjárfestingarstefnu er tekið mið af hækkandi lífeyrisbyrði sjóðsins og stefnan því varfærin þar sem mikilvægt er að vel takist til við ávöxtun eigna til að verja áunnin réttindi.

Tryggingafræðileg athugun fyrir LSB 2012 sýndi að afkoma sjóðsins hefur batnað frá árinu 2011. Í lok árs 2012 voru áfallnar skuldbindingar 2,4% hærri en eignir sjóðsins, á móti 9,9% í lok árs 2011, og heildarskuldbindingar voru 4,6% umfram heildareignir, á móti 12,3% 2011. Á árinu voru teknar í gildi nýjar dánar- og eftirlifendatöflur og hafði það áhrif til hækunar skuldbindinga sem nemur um 1,3%. Í lögum nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða segir að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyriskuldbindinga er skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Það sama á við ef fyrrnefndur munur er meiri en 5% samfellt í fimm ár. Sjóðurinn er innan þeirra marka.

Þann 8. júní 2012 samþykkti stjórn LSB tillögu um 10% lækkun áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2011 og fyrr. Sjóðurinn hafði ekki áður öndvert við ýmsa aðra sjóði skert réttindi sjóðfélaga. Lækkunin var færð sem lækkun á áunninni skuldbindingu í réttindakerfi sjóðsins í desember 2011 og tók gildi við greiðslu lífeyris frá og með októbermánuði 2012. Réttindatöflur breyttust og tóku nýju töflurnar gildi 1. október 2012.

Á aukaárfundi LSB 8. júní 2012 voru breytingar á samþykktum kynntar, þ.á m. nýjar réttindatöflur, og voru nýjar samþykktir sjóðsins staðfestar af Fjármálaráðuneytinu 28. september 2012.

Gjaldeyrisvarnarsamningar og vaxtaskiptasamningar við bankana hafa verið gerðir upp og hefur þeim að mestu verið skuldajafnað á móti kröfum sjóðsins á bankana. Enn ríkir þó óvissa með tvö skuldabréf hjá Glitni banka með hvaða hætti þau verða gerð upp.

Eftir áritun ársreiknings birtir sjóðurinn auglýsingu í Bændablaðinu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og reikningum fyrir liðið ár. Á árinu 2011 var tekinn í gagnid nýr launagreiðenda- og sjóðfélagavefur á slóðinni www.lsb.is, sem hefur auðveldað samskipti við sjóðinn. Í Handbók bænda er ítarleg grein um sjóðinn. Á ársfundi sjóðsins 2012 var gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Greiðandi sjóðfélögum eru send yfirlit yfir greidd iðgjöld tvisvar á ári. Á vefsíðu sjóðsins má nálgast almennar upplýsingar um starfsemina, iðgjöld, lífeyrisrétt og lánareglur. Þar er einnig að finna öll nauðsynleg umsóknareyðublöð.

Ársfundur sjóðsins 2013 verður haldinn þann 14. mars 2013.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2013.

Í stjórn
Lífeyrissjóðs bænda

Skúli Bjarnason, stjórnarformaður

Guðrún Lárusdóttir

Halldóra Friðjónsdóttir

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Örn Bergsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur K. Ólafs

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2012, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

